

# Ályktanir lagðar fyrir landsfund

## Efnisyfirlit

Stjórn málaályktun landsfundar .....	2
Ályktun um heilbrigðismál.....	4
Ályktun um listir og menningu .....	5
Ályktun um kjör örorkulífeyrisþega.....	6
Ályktun um ferðaþjónustu .....	7
Ályktun um menntamál.....	8
Ályktun um samgöngumál.....	9
Ályktun um málefni aldraðra.....	10
Ályktun um skipulagsvald fjarða og víkna .....	10
Ályktun um rekjanleika búvara á Íslandi .....	11
Greinargerð með seinni ályktun.....	11
Ályktun um íþróttir og útivist .....	11
Ályktun um mannúð ofar skilvirkni .....	12
Ályktun um að ungt fólk er ekki skrautmunir.....	12
Ályktun um að setja markið hærra í loftslagsmálum .....	12
Ályktun um betra aðgengi að sálfræðiþjónustu.....	13
Ályktun um Samtökin 78 .....	13
Ályktun um úrræði fyrir heimilislausa .....	14
Ályktun um viðurlög við launaþjófnaði .....	14

Drög að ályktunum fyrir landsfund VG – 7. og 8. maí 2021

## Stjórn málaályktun landsfundar

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í fjarfundi 7. og 8. maí 2021 leggur áherslu á að hreyfingin leiði næstu ríkisstjórn að loknum kosningum í haust.

Þó að núverandi stjórnarsamstarf hafi verið umdeilt í upphafi þess kjörtímabils sem lýkur senn er málefnalegur árangur Vinstri-grænna af samstarfinu óumdeildur. Nægir þar að nefna:

- þrepaskipt tekjuskattskerfi tekið upp;
- fæðingarorlof lengt úr níu mánuðum í tólf með skýrum reglum um skiptingu milli foreldra;
- stytting vinnuvikunnar;
- lægri kostnaðarþátttaka sjúklinga;
- dregið úr skerðingum í almannatryggingakerfinu;
- ný hlutdeildarlán fyrir þau sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð;
- dregið úr skerðingum á greiðslum til öryrkja og tekinn upp félagslegur viðbótarstuðningur við aldraða;
- barnabætur og atvinnuleysisbætur hækkaðar;
- stuðningskerfi við börn endurskoðað frá grunni með það að leiðarljósi að tryggja stöðu allra barna;
- aukin fjárfesting í rannsóknum og nýsköpun og aukinn stuðningur við menntakerfið;
- bygging nýs Landspítala;
- efling heilsugæslunnar um allt land;
- stórsókn í geðheilbrigðismálum;
- fullfjármögnuð aðgerðaáætlun í loftslagsmálum;
- aldrei fleiri friðlýsingar náttúruminja;
- ný lög um kynrænt sjálfræði;
- mikilvæg skref stigin við innleiðingu hringrásarhagkerfisins, m.a. bann við markaðssetningu óþarfa einnota plasts;
- ný lög um þungunarrof.

Nú hillir undir tímamót í baráttunni við heimsfaraldurinn sem sett hefur mark sitt á samfélagið undanfarin misseri. Fólkið í landinu á mestan heiður skilinn í þeim góða árangri sem náðst hefur í baráttunni við veiruna. Á sama tíma hafa stjórnvöld unnið vel með fagfólki og vísindamönnum til að tryggja skilvirkar og árangursríkar sóttvarnir án þess að gengið sé lengra en þörf er á. Eftir því sem bólusetningum vindur fram verður hægt að slaka á sóttvörnum og hefja uppbygginguna. Stjórnvöld hafa stutt við fólk og fyrirtæki til að lágmarka samfélagslegar og efnahagslegar afleiðingar heimsfaraldursins en þegar uppbyggingin hefst skiptir öllu að hún verði græn og sjálfbær og tryggji jöfnuð og félagslegt réttlæti.

## Drög að ályktunum fyrir landsfund VG – 7. og 8. maí 2021

Stærsta viðfangsefnið er að tryggja að langtímaatvinnuleysi festist ekki í sessi í íslensku samfélagi með tilheyrandi samfélagslegum afleiðingum og til þess þarf að skapa ný störf með fjölbreyttum fjárfestingum og áframhald öflugra vinnumarkaðsaðgerða.

Næsta ríkisstjórn þarf að halda áfram á sömu braut í loftslagsmálum, auka metnað enn frekar í markmiðum sínum, draga enn meir úr losun, auka kolefnisbindingu og tryggja að aðgerðir gegn loftslagsvánni séu félagslega réttlátar. Það þarf að tryggja grænar áherslur í atvinnuuppbyggingu og nýta þau miklu sóknarfæri sem íslenskt samfélag á í þekkingariðnaði, nýsköpun og skapandi greinum. Það á að halda áfram að byggja upp menntun á öllum skólástigum, tryggja nýliðun í kennarastétt og styðja enn betur við námsmenn. Raunhæfar aðgerðir þarf til að útrýma launamun kynjanna, meðal annars með skýru endurmati á stöðu kvennastétta. Næsta ríkisstjórn á að ljúka endurskoðun á almannatryggingakerfinu. Huga þarf sérstaklega að stöðu öryrkja með börn og að styrkja grunnframfærslu almannatrygginga. Næsta ríkisstjórn á að halda áfram uppbyggingu félagslegs húsnæðiskerfis sem er besta leiðin til að tryggja sanngjarnan húsnæðismarkað og tryggja fjölbreytt húsnæði fyrir okkur öll. Það á að halda áfram að draga úr kostnaði sjúklunga og efla enn frekar opinbera heilbrigðiskerfið. Frekari aðgerða er þörf til að tryggja réttarstöðu brotapolá og bæta málsmeðferð í kynbundnum ofbeldismálum og kynferðarbrottamálum. Næsta ríkisstjórn á að renna nýjum stoðum undir innlenda matvælaframleiðslu, auka nýsköpun og lífræna framleiðslu. Einnig þarf að styðja endurreisn ferðaþjónustunnar og tryggja að hún geti dafnað með sjálfbærum hætti. Hálendisþjóðgarður á að verða að veruleika og mun verða eitt stærsta framlag þjóðarinnar til náttúruverndar á heimsvísu sem mun skipta máli til langrar framtíðar. Tryggja þarf að lögreglan hafi mannafla til að taka með skýrum hætti á alþjóðlegri glæpastarfsemi. Það á að halda áfram umbótum á vinnumarkaði, koma í veg fyrir félagsleg undirboð og tryggja alvöru aðgerðir til að útrýma launabjófnaði sem á hvergi heima á heilbrigðum vinnumarkaði. Áfram á að efla stuðning við flóttamenn og tryggja að innflytjendur hafi hér tækifæri til að skapa sér betra líf. Fjölga á störfum án staðsetningar hjá hinu opinbera, vinna áfram að innviðaupbyggingu um land allt og tryggja tækifæri til menntunar, rannsókna og nýsköpunar í öllum landshlutum. Baráttunni fyrir mannréttindum lýkur aldrei og mikilvægt er að halda henni áfram á öllum sviðum, meðal annars með því að halda áfram endurskoðun stjórnarskrárinnar, þar á meðal mannréttindakafla hennar. Auðlinda- og umhverfisákvæði í stjórnarskrá á að afgreiða á Alþingi í haust. Heimsfaraldur, efnahagslægd og loftslagsvá mun geta skapað hættu á auknum ójöfnuði og ranglæti. Einmitt þess vegna er mikilvægt að Vinstriheyfingin-grænt framboð haldi ótrauð áfram sínum góðu verkum og tryggi með öllum sínum krafti að Ísland verði áfram gott samfélag, Ísland verði samfélag fyrir okkur öll.

Stjórn VG

Drög að ályktunum fyrir landsfund VG – 7. og 8. maí 2021

## Ályktun um heilbrigðismál

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í fjarfundi 7. og 8. maí 2021 lýsir einlæggu þakklæti til alls þess fólks sem staðið hefur vaktina í heilbrigðisþjónustunni á fordæmalausum tímum heimsfaraldurs.

Á kjörtímabilinu hefur mikið áunnist á sviði heilbrigðismála. Rauði þráðurinn hefur verið efling opinberu heilbrigðisþjónustunnar, svo að tryggja megi öllum greiðan og jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu sem stenst alþjóðlegan samanburð. Sem dæmi um verkefni sem hafa verið unnin á kjörtímabilinu má nefna samþykkt heilbrigðisstefnu til ársins 2030 á Alþingi og breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu til samræmis við stefnuna. Framkvæmdir við nýjan Landspítala ganga vel og fyrsti áfangi nýs spítala varð að veruleika þegar sjúkrahótel opnaði við Hringbraut. Stór skref hafa verið stigin til að lækka greiðsluþátttöku sjúklinga í kostnaði fyrir heilbrigðisþjónustu, en hún hefur lækkað úr um 17,6% árið 2017 í um 16% árið 2021 og opinber geðheilbrigðisþjónusta hefur verið efld með auknu fjármagni, sérstaklega í heilsugæslunni og með geðheilsuteymum.

Heilsugæslan hefur verið efld sem fyrsti viðkomustaður og ráðist í stóratök í uppbyggingu hjúkrunarrýma, en samhliða hefur verið unnið að því að efla önnur þjónustuúrræði, s.s. dagdvöl, heimaþjónustu og heilsueflingu, þannig að fólk sem það kys geti búið heima sem lengst. Lög um þungunarrof voru samþykkt, unnin úttekt á heilbrigðisþjónustu út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum, stefna og aðgerðaáætlun í málefnum fólks með heilabilun og málefnum endurhæfingar svo eitthvað sé nefnt. Stór skref hafa verið stigin í átt að skaðaminnkun, til dæmis með lagasetningu um neyslurými, framlagningu frumvarps um afglæpavæðingu neysluskammta, bættari þjónusta við aldraða sem eiga við vímuefnavanda að ræða, opnun afeitrunardeildar fyrir börn og ungmenni í neyslu og meiri áhersla lögð á stefnumörkun og aðgerðaráætlanir í málefnum notenda vímuefna.

Verkefnunum í heilbrigðismálum er þó hvergi nærri lokið. Mörg verkefnanna sem unnin hafa verið á kjörtímabilinu þarf að vinna áfram. Verkefni úr heilbrigðisstefnu til 2030 liggja fyrir, t.d. verkefni tengd mönnun og starfsumhverfi, mannaaflaþörf, teymisvinnu og þverfaglegri nálgun í heilbrigðisþjónustu. Skilgreina þarf betur skipulag annars stigs þjónustu í samræmi við heilbrigðisstefnu og skýra hver sinni hvaða hluta þjónustunnar og tryggja að samningar um veitingu heilbrigðisþjónustu liggi fyrir. Vinna þarf nýja stefnu í geðheilbrigðismálum og halda áfram að efla aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu. Tryggja þarf að gæðaáætlun við veitingu heilbrigðisþjónustu komist til framkvæmda. Fullvinna þarf áætlun um heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða í samræmi við stefnu sem kynnt verður á heilbrigðisþingi í haust og skilgreina hlutverk og aðkomu ríkis og sveitarfélaga í þeim málaflokki. Kjör kvennastétta sem starfa í heilbrigðisþjónustu þarf að bæta og tryggja að kynjasjónarmið séu höfð til hliðsjónar í allri þjónustunni. Áfram þarf að leggja áherslu á eflingu lýðheilsu og forvarna.

## Drög að ályktunum fyrir landsfund VG – 7. og 8. maí 2021

Enn þarf að halda áfram að vinna samkvæmt áætlun um að draga úr greiðsluþátttöku sjúklinga en í fjármálaáætlun er gert ráð fyrir því að á árunum 2022-2025 verði stigin fleiri stór skref í þessum efnum. Heilsugæslan verði gjaldfrjál, dag- og göngudeildarþjónusta stórefld og áfram unnið að uppbyggingu endurhæfingarteyma um allt land og veflausnir í heilbrigðisþjónustu byggðar upp enn frekar.

Mönnun og menntun heilbrigðisstétta er mikilvægt verkefni næstu ára og áratuga jafnframt því að bæta húsnæði, tækjakost og tækifæri til rannsókna fyrir okkar góða heilbrigðisstarfsfólk. Lýðheilsa er lykilatriði í heilbrigðismálum þjóðarinnar. Hafa þarf lýðheilsusjónarmið í huga við alla stefnumótun; til dæmis í skipulagsmálum, samgöngumálum, menntamálum og vinnumarkaðsmálum. Aðgengi að ósnortinni náttúru og heilnæmu umhverfi er lykilatriði fyrir lýðheilsu sem og jafnvægi milli vinnu og einkalífs og gott aðgengi að endurhæfingu á ólíkum sviðum. Heilsuefling þarf að vera hluti af daglegu lífi; og þar þarf fjölbreytnin að blómstra. Með því að stíga þessi skref verður áfram unnið að áherslum okkar Vinstri grænna í heilbrigðismálum; að tryggja jafnan aðgang allra að góðri heilbrigðisþjónustu og að íslensk heilbrigðisþjónusta standi áfram undir nafni sem heilbrigðisþjónusta í fremstu röð, að styrkja og efla opinbera heilbrigðisþjónustu um allt land og draga úr greiðsluþátttöku sjúklinga.

Stjórn VG

## Ályktun um listir og menningu

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í fjarfundi 7. og 8. maí 2021 telur að víðtæk þátttaka í skapandi starfi í ólíkum geirum er ein af styrkleikum íslensks samfélags og gott aðgengi að menningu er ein af mikilvægustu undirstöðum þjóðfélagsins. Styðja þarf við listir og menningu um land allt og byggja á þann stuðning á faglegum sjónarmiðum og gagnsæjum vinnubrögðum.

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í fjarfundi 7.- 9. maí 2021 telur að styrkja þurfi stöðu menningar og skapandi greina í stjórnkerfinu en núna heyra ýmsir hlutar þessa málaflokks undir ólík ráðuneyti. Greina þarf sóknarfæri þess að stofna sérstakt menningarmálaráðuneyti eða auka hlut menningar með sérstöku ráðuneyti rannsókna, nýsköpunar og skapandi greina.

Menntun er undirstaða öflugr listar- og menningarstarfs. Taka á það skref að Listaháskóli Íslands verði opinber háskóli. Þar með verður tryggt jafnræði nemenda í skapandi greinum þegar kemur að gjalddöku og um leið er það óeðlilegt að hið opinbera bjóði ekki upp á háskólanám í listum.

Tryggja þarf öflugt nám í listgreinum á öllum skólastigum. Þar þarf sérstaklega að huga að listnámi á framhaldsskólastigi þar sem ólíkar listgreinar búa nú við misjafnar aðstæður.

Mikilvægt er búa vel að ólíkum listgreinum og fjölga þannig tækifærum þeirra sem leggja stund á listir og skapandi greinar.

Ákvarðanir um tímabundinn stuðning við sjóði á sviði skapandi greina og tímabundna fjölgun listamannalauna eiga að gera varanlegar. Fjárfesting á þessu sviði hefur mikil samfélagsleg og hagræn áhrif; gerir samfélagið fjölbreyttara og eykur efnahagsleg umsvif.

## Drög að ályktunum fyrir landsfund VG – 7. og 8. maí 2021

Menningarminjar eru mikilvægur fjársjóður sem brýnt er að sinna betur. Ljúka þarf skráningu menningarminja um land allt sem getur í senn flýtt fyrir skipulagsáætlunum og stutt við stefnumótun sveitarfélaga. Styðja þarf betur við viðurkennd menningarminjasöfn. Í þessum málaflokki felast mikil ónýtt tækifæri, til dæmis í menningartengdri ferðaþjónustu.

Helstu menningar- og listastofnanir þjóðarinnar þurfa að sinna landinu öllu. Um leið þarf að efla menningarsamningana sem styðja við sjálfstætt menningarstarf í öllum landshlutum.

Sérstaklega þarf að huga að menningarsamningi við Akureyri og byggja þar upp þær stofnanir sem þar gegna lykilhlutverki.

Efnahagslegum hvötum hefur verið beitt með jákvæðum hætti til að efla kvikmyndagerð hér á landi sem hefur blómstrað undanfarin ár. Þar fara saman jákvæð samfélagsleg og efnahagsleg áhrif og er mikilvægt að viðhalda því kerfi.

Áfram þarf að styðja við stöðu íslenskrar tungu í stafrænum heimi og tryggja að tungutækni fylgi uppfærslum í tækjabúnaði. Auk þess þarf að gera átak í því að koma menningararfinum á stafrænt form til að gera hann aðgengilegan öllum.

Stjórn VG

## Ályktun um kjör örorkulífeyrisþega

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í fjarfundi 7. og 8. maí 2021 áréttar mikilvægi þess að sérstaklega verði hugað að kjörum örorkulífeyrisþega á komandi kjörtímabili. Mikilvæg skref voru stigin þegar dregið var úr skerðingum á núverandi kjörtímabili og kjör tekjulægstu örorkulífeyrisþega voru bætt. Miklu skiptir að endurskoða framfærslukerfi örorkulífeyrisþega á komandi kjörtímabili og huga þar sérstaklega að grunnframfærslunni. Þá þarf að skoða aldursmörk á barnalífeyri til hækkunar enda ljóst að börn búa mun lengur heima nú en áður fyrr. Mikilvægt er að tryggja að fólk njóti viðeigandi endurhæfingar og kerfið styðji við fólk til að fara aftur út á vinnumarkaðinn ef heilsa leyfir. Í því samhengi þarf að marka stefnu um fjölgun hlutastarfa og aukna fjarvinnu hjá hinu opinbera til að tryggja að fólk með skerta starfsgetu geti fundið störf við hæfi. Í kjölfarið þarf að innleiða hvata fyrir sambærilega þróun á almenna vinnumarkaðnum. Þá skiptir miklu að byggja upp forvarnir til að stuðla að

bættri lýðheilsu. Mikilvæg skref hafa verið stigin á núverandi kjörtímabili til að styrkja geðheilbrigðisþjónustu en fleiri skref þarf að stíga; bæði í forvörnum og geðheilbrigðisþjónustu. Mestu skiptir að styðja við möguleika fólks til að lifa með reisn og bestu mögulegu heilsu alla ævi.

Stjórn VG

Drög að ályktunum fyrir landsfund VG – 7. og 8. maí 2021

## Ályktun um ferðapjónustu

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í fjarfundi 7. og 8. maí 2021 telur framtíð ferðapjónustu á Íslandi bjarta eftir því sem bólusetningum vegna kórónuveirunnar vindur fram og ferðafólki tekur að fjölga á nýjan leik. Efnahagsaðgerðir stjórnvalda hafa stutt við starfsfólk í ferðapjónustu og gert mörgum fyrirtækjum kleift að lifa af, sem er grundvallaratriði fyrir skjótari bata í greininni. Ísland hefur verið gríðarlega vinsæll viðkomustaður ferðamanna allan síðasta áratug og ekkert sem bendir til að það breytist. Yfir 80% erlendra ferðamanna hafa nefnt náttúru Íslands sem meginástæðu Íslandsfarar. Eldgos á Reykjanesskaga mun áreiðanlega auka enn vinsældir Íslands sem ferðamannalands og Hálendisþjóðgarður sömuleiðis. Landsfundurinn fagnar auknum friðlýsingum og stórauknu fjármagni til uppbyggingar innviða og landvörslu á kjörtímabilinu, enda er slíkt til þess fallið að efla náttúruvernd og ferðapjónustu í sömu andrá.

Landsfundurinn ítrekar stefnu Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í ferðamálum og leggur sérstaklega áherslu á eftirfarandi varðandi uppbyggingu ferðapjónustu á Íslandi á komandi árum:

- Tekjur af ferðapjónustu voru miklar fyrir kórónuveirufaraldurinn og eðlilegt er því að gera ráð fyrir að greinin geti lagt meira til hins opinbera þegar ferðamönnum fjölgar að nýju. Ekki verði þó auknar álögur á ferðapjónustu á næstu tveimur árum í ljósi faraldursins, en tíminn notaður til að útfæra gjaldtöku í samstarfi við greinina.
  - Könnuð verði nauðsyn á frekari stuðningi við ferðapjónustuna við að endurreisa greinina hratt og örugglega.
  - Ferðapjónustan þróist í samræmi við áherslur um sjálfbæra þróun. Á Íslandi verði ferðamönnum gert kleift að ferðast með vistvænum hætti, í öflugum neti almenningsgangna eða á visthæfum bílaleigubílum. Stjórnvöld styðji við slíka þróun.
  - Halda þarf áfram uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum og friðlýstum svæðum til að verja náttúru og menningarminjar fyrir álagi af völdum ferðamanna.
  - Halda þarf áfram að efla landvörslu á friðlýstum svæðum til að auka öryggi, fræðslu og upplýsingagjöf sem leiðir til jákvæðari upplifunar ferðamanna af landinu okkar.
  - Hálendisþjóðgarði verði komið á fót en stofnun þjóðgarðs er mikilvægur þáttur í að efla jákvæða ímynd Íslands sem náttúruverndarlands á alþjóðavettvangi.
  - Huga þarf sérstaklega að samspili ferðapjónustu, landbúnaðar og sjávarútvegs og sóknarfærum í markaðssetningu sem byggi á vöru og þjónustu heima úr héraði.
- 
- Fram fari greining á því hvaða flugvöllur eigi að vera næsta hlið inn í landið og horft verði sérstaklega til Akureyrar og Egilsstaða í því samhengi.

Stjórn VG



Drög að ályktunum fyrir landsfund VG – 7. og 8. maí 2021

## Ályktun um menntamál

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í fjarfundi 7. og 8. maí 2021 áréttar mikilvægi þess að skólastarfi hafa verið forgangsraðað í heimsfaraldrinu og áhersla hafi verið lögð á að halda skólum opnum og starfandi. Kennarar og skólafólk eiga þakkir skildar fyrir að hafa staðið vaktina í gegnum faraldurinn og tryggt að nemendur á öllum skólastigum hafa áfram notið menntunar við hæfi. Um leið ber að minna á að álag á nemendur hefur verið annars eðlis en nokkru sinni – breytingar á skólastarfi, fjarnám og lítið félagslíf hafa gert námið allt annars konar og það hefur reynst mörgum þungt í skauti. Mikilvægt er að hlú vel að unga fólkinu og veita því allan þann félagslega og andlega stuðning sem mögulegt er.

Til framtíðar er mikilvægt að halda áfram þeirri uppbyggingu sem verið hefur í íslensku skólakerfi undanfarin ár. Fagna ber því átaki sem gert var til að fjölga kennaranemum en mikilvægt er að tryggja mönnun í skólum til lengri tíma. Gildandi aðalnámskrá hefur reynst mikilvægur leiðarvísir gagnvart áskorunum samtímans þar sem áhersla er meðal annars lögð á velferð, sjálfbærni, jafnrétti og lýðræði.

Öflug opinbert menntakerfi á öllum skólastigum mun verða lykilatriði í síbreytilegu samfélagi samtímans og undirstaða atvinnu- og efnahagslífs framtíðarinnar. Skólakerfið er lifandi samfélag nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks. Innan þess verður að mæta þörfum nemenda í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins og tryggja um leið jöfn tækifæri allra. Tryggja ber þátttöku nemenda í mótun skólastarfs.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla verði brúað og stefnt verði í kjölfarið að gjaldfrjálsum leikskóla. Ennfremur að stefnt verði að gjaldfrjálsum skólamáltíðum. Allt eru þetta mikilvæg jöfnunartæki sem tryggja réttlátara samfélag. Taka þarf mið af sjónarmiðum barna við mótun námsframboðs og tryggja þannig aukna fjölbreytni í námi. Efla þarf kynfræðslu og fræðslu um samfélagslegar áskoranir.

Mikilvægt er að auka sveigjanleika framhaldsskóla þegar kemur að skipulagningu námsbrauta þannig að nemendur í öllum skólum gefist færi á að ljúka námi á þeim tíma sem hentar. Það á bæði við um bekkjarkerfis- og áfangaskóla. Tryggja þarf góðan stuðning við framhaldsskólanema, hvort sem það er með sálfræðipjónustu, félagsráðgjöf eða náms- og starfsráðgjöf. Lykilatriði er að nám í iðn- og verkgreinum og listgreinum sé aðgengilegt um land allt og skipulagt með þeim hætti að námsframvinda tefjist ekki vegna hnökra á vinnustaðanámi. Vel hefur verið stutt við grunnrannsóknir á kjörtímabilinu. Halda ber áfram á þeirri braut en um leið þarf að huga að því að styðja betur við háskólana sjálfa og gera þeim kleift að halda áfram að vera mikilvægar lykilstofnanir fyrir menntun og rannsóknir á Íslandi. Vinstrihreyfingin – grænt framboð fagnar nýjum Menntasjóði en leggur áherslu á að styðja betur við grunnframfærslu námsmanna. Að lokum telur hreyfingin að taka þurfi stór skref til að efla sí- og endurmenntun þar sem fólk sækir sér menntun allt lífið og mikilvægt að tryggja fjölbreytni og gæði um land allt í því námsframboði.

Stjórn VG



Drög að ályktunum fyrir landsfund VG – 7. og 8. maí 2021

## Ályktun um samgöngumál

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í fjarfundi 7. og 8. maí 2021 fagnar góðum árangri ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur í samgöngumálum á kjörtímabilinu. Í núverandi samgönguáætlun hefur verið lögð sérstök áhersla á öryggi vegfarenda, með nýframkvæmdum bæði á vegum og með jarðgöngum, ásamt sérstöku átaki í viðhaldsverkefnum. Unnið hefur verið að stefnu í almenningssamgöngum og síðast en ekki síst hefur niðurgreiðsla á flugleiðum innanlands tekið gildi til hagsbóta fyrir íbúa á landsbyggðinni. Þá er samgöngusáttmáli ríkis og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sérstakt fagnaðarefni. Breyttar ferðavenjur með tilkomu Borgarlínu og aukinni áherslu á göngu- og hjólreiðar auk orkuskipta munu styrkja mjög stefnu um kolefnishlutleysi Íslands, bæta loftgæði og efla lýðheilsu.

Landsfundurinn leggur áherslu á að heildstætt og nútímalegt samgöngukerfi sé lífæð samfélagsins alls í okkar dreifbýla landi. Landsfundurinn leggur sérstaklega áherslu á að við áframhaldandi uppbyggingu samgöngumála þurfi að horfa til eftirfarandi:

- Að byggja á sjálfbærri þróun og líta sérstaklega til þess að draga úr neikvæðum áhrifum á loftslag og náttúru og tryggja sem best öryggi og fræðslu.
- Að ríki, sveitarfélög og fyrirtæki vinni áfram markvisst að orkuskiptum í samgöngum, meðal annars með uppsetningu hleðslustöðva og annarra umhverfisvænna lausna.
- Að ríki, sveitarfélög og fyrirtæki í landinu bjóði starfsfólki sínu að vinna heima hluta vikunnar þar sem því verður við komið. Slíkt mun draga úr umferð og loftmengun, minnka þörf á viðhaldi og nýframkvæmdum í samgöngukerfinu og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- Að efla almenningssamgöngur á landinu öllu.
- Að leita leiða til að flýta gerð Borgarlínu, sérstaklega að flýta undirbúningi og framkvæmd á síðari áföngum verkefnisins, í Garðabæ og Hafnarfirði sem og í Mosfellsbæ.
- Að fjölga jarðgöngum, fækka einbreiðum brúm og breikka vegi eftir markvissri áætlun.
- Að styrkja sérstaklega tengivegi, fjölga útskotum þar sem það á við og tryggja snjómokstur allan veturinn í öllum byggðalögum.
- Bæta nýtingu flugvalla á Akureyri og Egilsstöðum fyrir millilandaflug sem mun bæði nýtast heimafólki og ferðapjónustu um allt land.
- Flugsamgöngur bera ábyrgð á um 2% af allri losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum og fer sú losun vaxandi. Beita þarf mengunarbótareglunni og tengja flugvallagjöld við losun frá flugvélum til að hvetja til meiri orkunýtni og notkunar umhverfisvænni orkugjafa.
- Setja kröfur um stigvaxandi notkun umhverfisvænni orkugjafa í flugi innanlands og á milli landa og fylgja í þessum efnum framsækinni þróun í nágrennaríkjum okkar.

Stjórn VG

Drög að ályktunum fyrir landsfund VG – 7. og 8. maí 2021

## Ályktun um málefni aldraðra

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í fjarfundi 7. og 8. maí 2021 telur að auka þurfi fjölbreytni í búsetuúrræðum aldraðra í því skyni að vinna gegn einmanaleika og félagslegri einangrun en ekki síður til að bjóða upp á leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum. Í Reykjavík eru 450 þjónustuíbúðir til leigu, þar sem boðið er upp á sólarhringsvakt, mat og félagsstarf. Slíkum búsetuúrræðum þarf að fjölga.

Um leið og fagnað er myndarlegri uppbyggingu hjúkrunarheimila um land allt þá er rétt að benda á að gróðasjónarmið þarf að útiloka við byggingu og rekstur hjúkrunarheimila, arðsemiskröfur eiga ekki heima þar.

Aldraðir eiga að geta búið heima eins lengi og þeir vilja og geta. Þar skiptir mestu máli samþætting þjónustu ríkis og sveitarfélaga, heilsugæslan, heimaþjónusta og heimahjúkrun með viðunandi kvöld- og helgarþjónustu. Efla þar almennt nýsköpun í þjónustu við aldraða. Þar eru bundnar vonir við velferðartækni ýmiss konar sem gjörbyltir möguleikum fólks á að geta búið heima. Þekking eldra fólks á nýrri tækni til að eiga í samskiptum við ættingja, vini og ýmsa þjónustuaðila skipta einnig miklu máli.

Sambætta þarf þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Skipulag heilbrigðisþjónustu taki mið af ört vaxandi fjölda aldraðra. Efla þarf þjónustu á hjúkrunarheimilum, einkum með þverfaglegum teyllum þar sem að auk starfsfólks sem nú þegar starfar þar, verði bætt við og lögð sérstök áhersla á geðvernd, iðjubjálfun og tannvernd.

Fagna ber gjörbyltingu aldraðra við greiðsluþátttöku í læknisþjónustu sem aldraðir kunna svo sannarlega að meta eins og sést best í nýútkominni rannsókn á högum eldri borgara. Slík ráðstöfun kemur sér best fyrir þá sem minnst hafa milli handanna og skiptir þann hóp meira mála en skattaávilnanir.

Undirbúningshópur EVG

## Ályktun um skipulagsvald fjarða og víkna

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í fjarfundi 7. og 8. maí 2021 ályktar að VG hafi það á stefnuskrá sinni að skipulagsvald fjarða og víkna verði hjá sveitarfélögum.

Svæðisfélag VG á Austurlandi

Drög að ályktunum fyrir landsfund VG – 7. og 8. maí 2021

## Ályktun um rekjanleika búvara á Íslandi

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í fjarfundi 7. og 8. maí 2021 ályktar að VG hafi það á stefnuskrá sinni að rekjanleiki búvara á Íslandi verði að fullu innleiddur til neytenda.

### Greinargerð með seinni ályktun

Svæðisfélag VG á Austurlandi setur fram ályktun er varðar rakningu landbúnaðarvara á Íslandi. Í dag sinna bændur á Íslandi ýtarlegu skýrsluhaldi á sínu búfé, óháð því hvort það gangi á úthaga eður ei. Skýrsluhaldið fylgir skepnum frá vöggu til grafar eða réttara mælt, vöggu til slátrunar. Á síðasta hluta meðferðar búfjár, hjá afurðarstöðvunum, er eins og rof verði á skráningarferlinu. Hvað verður um þennan rekjanleika? Óskar svæðisfélagið eftir því að flokkurinn hafi á stefnu sinni að rekjanleiki allra íslenskra búvara verði að fullu gerður. Frumframleiðendur geti á þann hátt átt beint samtal við neytendur og öfugt.

Eins og staðan er í dag geta hvorki bændur né neytendur tengt vöru við framleiðanda. Er það bagalegt í ljósi þeirrar gríðarlegu vinnu sem bændur vinna með skráningu sinni og eftirspurnar neytenda að geta rakið vöru til frumframleiðanda.

Jafnframt verði gerð krafa um fullan rekjanleika innfluttra búfjárafurða.

Með því að innleiða að fullu rekjanleika búfjárafurða geta íslenskir neytendur valið búfjárafurðir út frá gæðum, velferð og kolefnisspori.

Svæðisfélag VG á Austurlandi

## Ályktun um íþróttir og útivist

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í fjarfundi 7. og 8. maí 2021 leggur áherslu á mikilvægi Íþróttar og útivistar. Það er ekki síst á tímum eins og nú þegar farsótt geisar að í ljós kemur hversu hreyfing er mikilvæg fyrir líkamlegt og andlegt heilbrigði landsmanna. Íþróttir og útivist bæta og styrkja heilsu landsmanna og draga þannig úr álagi á heilbrigðiskerfið. Innlendar rannsóknir sýna að aðstaða til iðkunar íþróttar og útivistar er einn af lykilþáttum þess sem fólk lítur til þegar fólk ákveður búsetu.

Með þá staðreynd að leiðarljósi, hvetur Vinstrihreyfingin-grænt framboð sveitarfélögin til áframhaldandi góðra verka hvort sem er til stuðnings við íþróttafélög á sínu svæði eða uppbyggingar til ástundunar íþróttar og útivistar þannig að hver og einn geti stundað hreyfingu við hæfi í nærumhverfi sínu. Til fyrirmyndar er þegar byggð er upp aðstaða til hreyfingar á útivistarsvæðum og mættu vera fleiri slíkir lýðheilsugarðar um land allt.

Íþróttahreyfing er fjölmennasta grasrótahreyfing á landinu með yfir 100.000 skráða meðlimi. Afreksíþróttafólkið okkar ber hróður landsins um allan heim og eru mikilvægar fyrirmyndir fyrir æsku landsins. VG vill styðja þessar fyrirmyndir enn frekar með eflingu afrekssjóðs ÍSÍ að því marki að fleiri afreksíþróttamenn geti helgað sig æfingum og keppni án þess að hafa áhyggjur af sinni framfærslu. Þetta verði gert í samstarfi við ÍSÍ á afreksíþróttasjóð. Við erum öll íþróttafólk.

Hermann B. Valsson

Drög að ályktunum fyrir landsfund VG – 7. og 8. maí 2021

## Ályktun um mannúð ofar skilvirkni

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í fjarfundi 7. og 8. maí 2021 brýnir mikilvægi þess að taka málefni útlendinga og þá sérstaklega fólks sem kemur hingað í leit að alþjóðlegri vernd, föstum tókum. Sú staðreynd að aftur og aftur komi upp mál sem sýna ómannúðlega meðferð á fólki í leit að alþjóðlegri vernd er engan veginn í takt við yfirlýsingar stjórnvalda um betrumbætur í þessum málaflokki. Landsfundur VG minnir dómsmálaráðherra og barnamálaráðherra sérstaklega á ábyrgð sína í þessum málum. Landsfundur VG vill taka það sérstaklega fram í kjölfar fráleitar umræðu dómsmálaráðherra árið 2020 um flóttamannabúðir hér á landi, að slíkt kemur ekki til greina af hálfu okkar.

Við viljum sjá stefnu í útlendingamálum sem byggir á mannúð og þeim sáttmálum sem Ísland er aðili að, og þá sérstaklega Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það þarf að styrkja stoðir og samræma vinnu þeirra stofnana sem koma að málefnum útlendinga og fylgja vel eftir þeim sem hér fá vernd, þá sérstaklega með félagslegum og sálrænum stuðningi. Landsfundur UVG telur tímabært að leggja niður Útlendingastofnun í þeirri mynd sem hún er í dag og byggja upp mannúðlegra kerfi og endurskoða lista um „örugg lönd.“

Framkvæmdastjórn UVG

## Ályktun um að ungt fólk er ekki skrautmunir

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í fjarfundi 7. og 8. maí 2021 telur löngu tímabært að ungt fólk fái raunverulegt sæti við borðið og ekki sé komið fram við það eins og skrautmuni sem gott er að auglýsa á tyllidögum. Ungt fólk er ekki bara framtíðin, við erum hér núna, borgum skatta og mikilvægt er að raddir okkar heyrist sem víðast. Við viljum sjá kosningaaldur lækkaðan niður í 16 ára í Alþingis- og sveitarstjórnarkosningum og krefjumst þess að Vinstrihreyfingin - grænt framboð setji inn í forvalsreglur að fólk undir 35 ára skipi eitt af fjórum efstu sætum á listum hreyfingarinnar í öllum kjördæmum, sama gildi um lista í kosningum til sveitastjórna.

Framkvæmdastjórn UVG

## Ályktun um að setja markið hærra í loftslagsmálum

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í fjarfundi 7. og 8. maí 2021 fagnar því að aðgerðaáætlanir til að sporna gegn aukinni losun gróðurhúsalofttegunda hafi verið gerðar og, það sem meira er, fjármagnaðar. Aðgerðaáætlun ein og sér dugir þó skammt. Við þurfum að sjá þeim stórgóðu aðgerðum sem má finna í áætluninni hrint í framkvæmd strax, svo hægt sé að snúa við þróuninni sem orðið hefur og svo að Ísland geti staðist skuldbindingar Parísarsáttmálans. Auk þess eigum við ekki einungis að einblína á að uppfylla lágmarksskyldur sáttmálans, við eigum að gera betur og vera fyrirmynd fyrir alþjóðasamfélagið.

Framkvæmdastjórn UVG

Drög að ályktunum fyrir landsfund VG – 7. og 8. maí 2021

## Ályktun um betra aðgengi að sálfræðipjónustu

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í fjarfundi 7. og 8. maí 2021 fagnar því að frumvarp um niðurgreiðslu sálfræðimeðferðar og annarra samtalsmeðferða hafi verið lögfest síðasta sumar. Það er gríðarlega mikilvægt skref í að efla aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu óháð efnahag, en það hefur lengi verið nær ómögulegt fyrir stóran hluta landsmanna að sækja sér sálfræðipjónustu vegna kostnaðar, sérstaklega ungt fólk og efnaminna.

Það eru því mikil vonbrigði að í fjárlögum hafi ekki verið gert ráð fyrir fjármagni til þess að hrinda frumvarpinu í framkvæmd. Þar með er niðurgreiðsla á mikilvægri geðheilbrigðisþjónustu slegið á frest, með tilheyrandi kostnaði seinna meir. En rannsóknir hafa sýnt að með betra aðgengi er hægt að spara mikinn kostnað á hærri stigum geðheilbrigðisþjónustu og kostnað vegna örorku sem getur orðið afleiðing aðgerðaleysis. Fyrir utan alla þá mannlegu þjáningu sem hægt væri að koma í veg fyrir. Ung vinstri græn harma að niðurgreiðsla sálfræðipjónustu skuli ekki vera forgangsmál á þessum erfiðu tímum.

Framkvæmdastjórn UVG

## Ályktun um Samtökin 78

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í fjarfundi 7. og 8. maí 2021 krefst þess að ríkið og Reykjavíkurborg leiti allra leiða til að gera langtíma samning við Samtökin 78. Fréttir birtust síðasta haust þess efnis að samningar þeirra við bæði ríki og Reykjavíkurborg rynnu út á sama tíma, áramótin þar á eftir, og án þeirra samninga væri ekki grundvöllur fyrir áframhaldandi starfsemi og því var öllum starfsmönnum og verktökum sem þar störfuðu sagt upp. Samningar náðust til eins árs, sem er vel. Samtökin 78 hafa unnið ómetanlegt brautryðjendastarf í þágu hinsegin fólks á Íslandi og verið miðpunktur hinsegin samfélagsins, fyrir utan að bjóða skólakerfinu og vinnustöðum á landinu upp á mikilvæga fræðslu. Öryggi rekstrar Samtakanna 78 hefur lengi liðið fyrir að samningar við þau eru einungis gerðir til eins árs í senn að hálfu ríkisins. Vinstri græn telja mikilvægi Samtakanna 78 ótvírætt og augljóst, og fráleitt að rekstraröryggi þeirra sé ógnað á þennan hátt.

Framkvæmdastjórn UVG

Drög að ályktunum fyrir landsfund VG – 7. og 8. maí 2021

## Ályktun um úrræði fyrir heimilislausu

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í fjarfundi 7. og 8. maí 2021 vekur athygli á mikilvægi aðgerða vegna húsnæðisvanda heimilislausra með fjölþættan vanda, sem tekur mið af raunverulegum aðstæðum fólks og er í anda hugmyndafræði „húsnæði fyrst“ (e. housing first). Slíkar aðgerðir þurfa bæði að miða að lausnum til langs tíma og enn fremur að fjölþættum áskorunum heimilislausra. Neyðarskýli með takmarkaðan opnunartíma eru einungis til þess fallin að einstaklingar frjósi ekki á götum úti þá nóttina. Öruggur og mannsæmandi húsnæðiskostur er grundvöllur þess að fólk nái undir sig fótum og geti tekist á við flóknari vanda. Tímabundið úrræði á vegum Reykjavíkurborgar sem var hluti af viðbrögðum við fyrstu bylgju Covid-19 á Íslandi, fól í sér að húsnæðiskostur stóð til boða allan sólarhringinn, jók til muna öryggi og lífsgæði þeirra sem nýttu sér það. Landsfundurinn hvetur hið opinbera til að beita sér fyrir langtímalausnum af þessu tagi.

Framkvæmdastjórn UVG

## Ályktun um viðurlög við launaþjófnaði

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í fjarfundi 7. og 8. maí 2021 fordæmir að launaþjófnaður, sem helst bitnar á ungu fólki og fólki af erlendum uppruna, viðgangist án afleiðinga. Launaþjófnaður er ein birtingarmynd fjölþætts misréttis sem þessir hópar mæta oft á atvinnumarkaði. Sláandi tölur birtust í skýrslu ASÍ um upphæðir krafa sem hafa verið stofnaðar vegna ógreiddra launa þessara hópa.

Á meðan að slíkur launaþjófnaður er ekki refsiverður fyrir atvinnurekendur þá á hann eftir að viðgangast áfram. Við krefjumst þess að lög verði sett á sem heimila viðurlög til að stöðva þessa þróun. Það er gjörsamlega ósættanlegt að slíkt viðgangist í okkar samfélagi.

Framkvæmdastjórn UVG